

Stuðboltarnir
1. fundur
Nemendafulltrúaráð 4. – 6. bekkja
Fundur 4. október 2018

1. Helga Fríður Garðarsdóttir bauð Stuðbolta velkomna á þennan fyrsta fund stuðbolta og ræddi við þá um hlutverk þeirra sem stuðboltar. Áður en farið var af stað í að ræða fundarefni fórum við í hrósleik þar sem allir áttu að segja eitthvað jákvætt um þann sem sat þeim á vinstri hönd.

2. Hrós. Hvernig lætur það okkur líða? Bæði þeim sem hrósa og einnig þeim sem hrósið fær? Kunnum við einhverja hrósleiki? Hvernig getum við meðvitað aukið það að hrósa hverju öðru, án þess þó að það verið vélrænt eða ósannfærandi?

Eftirfarandi hugmyndir og umræður komu fram:

- Öllum finnst gott að fá hrós, veitir gleði og stolt
- Ekki hrósa fyrir fót heldur frekar fyrir persónu og gjörður
- Öllum líður vel að gefa hrós
- Mikilvægt að hrósa í skólanum, á fótboltavellinum og bara allstaðar
- Stundum skrítið að taka á móti hrósi, þarf kannski að lærast
- Muna að hrósa ef fólk á það skilið
- Starfsfólk skólans stendur sig ágætlega í að hrósa
- Nemendur mættu hrósa meira
- Gæslan mætti standa sig betur í að hrósa
- Hrós eru oftast tengd íþróttum og þeim sem gengur vel þar

3. Tungumálið okkar íslenska. Tungumálið okkar hefur sérstöðu því einungis 310.000 af heiminum tala hana. Erum við kannski að tapa tungumálinu okkar eins og við þekktum það? Er okkur alveg sama? Getum við eitthvað gert? Hvað með áhrif frá youtube, tölvunotkun o.fl.?

Eftirfarandi hugmyndir og umræður komu fram:

- Mikið horft á barnaefni á ensku
- Sumir tala ensku því þeir vilja ekki láta aðra skilja sig
- Enska kemur mikið frá youtube
- Vilja bæði tala íslensku og ensku
- Enska er of mikið töluð á Íslandi
- Regla heima hjá sumum að það er bannað að tala ensku
- Við erum að sletta allt of mikið af ensku inn í íslenskuna okkar
- Okkur finnst mikilvægt að passa tungumálið okkar
- Við berum ábyrgð á því
- Ræddum um orð sem við notum mikið þegar við erum reið t.d fokk, shit, bitch, gay og faggi, segjum þessi orð þá ekki á íslensku, það væri skrítið.
- Mikið af enskuslettum tengjast tölvunotkun og netinu, t.d núbbi og youtuber, follower, spammari, fan, private account, gamers.
- Ekki gott ef nemendur tala of mikla ensku
- Íslenskan gæti gleymst
- Sumir skilja ekki ensku svo við ættum bara að tala íslensku á Íslandi
- Auðveldara að fá vinnu í útlöndum ef maður kann ensku
- Ungt fólk hættir að sletta þegar það verður fullorðið svo þetta skiptir ekki máli
- Stundum notum við bara ensk orð því við munum ekki íslenska orðið.

4. Önnur mál sem rædd voru um bættan skólabrag:

- Breyta reglum á sparkvelli þannig að þegar að t.d 4. bekkur á völlinn þá eiga aðrir bekkir ekki að vera með þó svo að það séu fáiir
- Laga rólur
- Hafa reglur í rólunni, allir þurfa að telja upp á 100, líka í körfurólunni.
- Skoða reglur í aparólunni og það þarf að stytta hana svo maður sé ekki í jörðinni.
- Láta skólann byrja klukkan 9 á morgnanna
- Fá þak á sparkvöllinn
- Fleiri leiktæki
- Fá fleiri hjólastanda
- Betri brettapalla
- Hjólabraut þar sem má hjóla í frímínútum
- Fá þrjár aparólur
- Fá bátinn aftur
- Fá klifrugrind
- Fá hoppubelg, svona ærslabelg
- Burt með blakvöll, hann er aldrei notaður nema af fullorðnu fólki á sumrin.
- Lengri matar- og nestistíma sem og frímínútur
- Fá trampólín, svona mörg lítil sem hægt er að hoppa á milli (sem eru ofan í jörðinni)
- 6. bekkur vill fá leyfi til að labbba í litla stiganum þegar þau fara í Þrumuna
- Fjarlægja kofa sem aldrei eru notaðir í neitt, hjá blakvelli og aparólu. Skítugir og allir í sandi sem fýkur af blakvellinum.
- Leyfa það að nota hoverboard í frímínútum
- Mikið pláss hjá sparkvelli sem mætti nýta í eitthvað skemmtilegt.

Fleira ekki gert, fundi slitið
Helga Fríður Garðarsdóttir